

Mánudaginn 7. apríl 1919.

Nr. 63/1918: Pjetur Halldórsson f. h.
bókverslunar Sigfúsar Eymundssonar
gegn
Sigurði Briem póstmeistara
f. h. póstsjóðs.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði Sigurður Briem póstmeistari fyrir hönd póstsjóðs á bæjarþingi Reykjavíkur gegn Pjetri Halldórssyni bóksala fyrir hönd bókverslunar Sigfúsar Eymundssonar, og krafðist þess að stefndi yrði dæmdur til að greiða póstsjóðnum póströfu að upphæð kr. 20.75 með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi 5. okt. 1917 til greiðsludags svo og málskostnað. Lauk málinu með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 27. júní f. á., á þá leið að stefndi í héraði skyldi verða sýkn af kröfum stefnanda svo framarlaga sem hann eftir löglegum undirbúning ynni eið að því á varnarþingi sínu, að hann hefði innleyst sendingu þá, er málið ræðir um, se n póströfusendingu með því að greiða fyrir hana kr. 20.75, en ef stefndi ynni eigi svofelldan eið, skyldi hann greiða stefnanda kr. 20.75 með 5 % ársvöxtum frá 5. okt. 1917 til greiðsludags; málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefur Pjetur Halldórsson fyrir hönd bókverslunar Sigfúsar Eymundssonar skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 28. okt. f. á., og krafist þess að verða algerlega sýknaður af kröfum póstsjóðsins og að sér verði dæmdur málskotnaður fyrir

báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Af annari hálfu hefur póstmeistarinn fyrir hönd póstsjóðs gagn-áfrýjað málinu með stefnu dags. 17. jan. þ. á, og krafist þess að allar kröfur hans fyrir bæjarþinginu verði teknar til greina, og honum dæmdur máls-kostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir að 22. mars 1915 sendi Sö-kort-Arkivet í Kaupmannahöfn póstböggul til bók-verslunar Sigfúsar Eymundssonar hjer í bænum, sem er eign áfrýjanda, svo sem alkunnugt er. Á bögglinum hvildi póskrafa, kr. 20.75, og í fylgibrjefinu með honum frá sendanda var kvitteraður reikningur yfir þá upphæð. Frágangur á sendingu þessari frá póst-húsinu í Kaupmannahöfn var þó eigi þann veg, sem vant er og skylt að hafa á póströfusendingum; á hana eða fylgibrjefið var eigi limt merki það — gul-ur þríhyrningur — sem á að vera á póströfusend-ingum, og eigi var fest við fylgibrjefið póströfu-ávísunareyðublað, sem ætíð skal gert. Var þetta til þess að eigi var tekið eftir því á pósthúsinu í Reyk-javík að sendingin væri póströfusending, og var hún því, þegar hingað kom 4. apríl 1915, færð inn í viðtökubók yfir almennar böggulsendingar, en eigi inn í bók, sem haldin er yfir póströfusendingar; heldur stefndi því fram að fylgibrjefið hafi verið látið í pósthólf áfrýjanda, og hafi það þannig með hinum kvittaða reikningi, sem í því var, komið hon-um í hendur, án þess að hann greiddi póströfu-upphæðina, en böggulliun síðan verið afhentur hon-um sem almenn böggulsending.

Hins vegar staðhæfir áfrýjandi að hann hafi leyst til sín sendingu þessa sem póströfusendingu með því að greiða pósthúsinu upphæð kröfunnar; hafi hann þá jafnframt fengið afhenta kvittun sendanda og kvittað sjálfur á fylgibréfið. Þetta kveðst áfrýjandi að vísu eigi muna svo áreiðanlega, að hann treysti sjer til að staðfesta það með eidi. En staðhæfingu sína byggir hann á því, að hann hafi kvittað fyrir sendingunni á fylgibréfið, svo sem ætíð sé gert, þegar um póströfu sé að ræða, en um almennar böggulsendingar sé það reglan, að fyrir þeim sé kvittað í þar til ætlaða bók, og að hann hafi innfært kröfuupphæðina kr. 20.75 í sjóðsbók sína sem greidda 6. apríl 1915.

Eftir framgreindum málavöxtum getur það, að áfrýjandi hefur í höndum kvittun frá Sökort-Arkivet fyrir hinni umstefndu upphæð, eigi skorið úr því hvort hann hefir greitt upphæðina, en úrslit málsins velta á því hvort hann álist hafa sannað þetta á annan hátt. Hann hefir svo sem þegar er getið, aðallega talið tvö atvik máli sínu til stuðnings, en um hið fyrra af þessum málsatvikum hefur stefndi í skýrslu sinni til stjórnarinnar um málið, dags 14. apríl 1916, tekið það fram, að þegar mikil ós sé á bögglopóststofunni og menn þurfi að bíða lengi eftir að komast að kvittunarbókinni, sé sú aðferð iðulega viðhöfð, að viðtakandi afhendi fylgibrjefið kvittað í stað þess að kvitta í bókina. Í samræmi við þetta eru vitnisburðir tveggja starfsmanna á pósthúsinu, sem höfðu á hendir sundurlestur og afgreiðslu póstbögla, þegar

áminst sending kom á póshúsið. Það verður því eigi svo ábyggilegt sé, ráðið af því, að áfrýjandi kvittaði á fylgibrjefið, að sendingin hafi verið afgreidd eða áfrýjandi hafi innleyst hana sem póstkröfusendingu. Um hið síðar greinda atriði, innfærslu kröfunnar í sjóðsbók áfrýjanda, er það að athuga, að það sést eigi að bók þessi sé löggilt og með því að stefndi mótmælir því, að innfærslan sé rétt, getur hún eigi haft sönnunargildi í máli þessu. Áfrýjandi þykir þannig eigi hafa fært nægar sönnur á það, að hann hafi innleyst umstefnda póstkröfu, og með því að eigi eru lög til þess, að áfrýjanda verði gerður kostur á að staðfesta þetta með eidi, verður samkvæmt kröfu stefnda að breyta hinum áfrýjanda dómi þannig að áfrýjanda sé gert, að greiða honum kr. 20,75 með 5 % ársvöxtum frá sáttkærudegi til greiðsludags.

Svo þykir og áfrýjandi eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, og ákveðst hann 50 kr.

Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Pjetur Halldórsson bóksali fyrir hönd bókverslunar Sigfúsar Eymundssonar greiði Sigurði Briem póstmeistara fyrir hönd póstsjóðs 20 kr. 75 a. með 5 % ársvöxtum frá sáttkærudegi til greiðsludags og 50 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Dóminum skal fullnæja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 7. apríl 1919.

Nr. 14/1919:

Réttvísín
gegn

Ásgrími Jónssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 7. febrúarmán. þ. á., var hinn ákærði, Ásgrímur Jónsson, verkamaður til heimilis í Reykjavík, dæmdur fyrir þjófnað og skjalafals til að sæta 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnaðinn, en jafnframt ákveðið samkvæmt lögum nr. 39, 16. nóv. 1907 að fullnustu dómsins skyldi fresta að því er hegninguna snertir og hún falla niður nema ákærði innan 5 ára frá uppsögn dómsins sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og sé í því máli dæmdur til þingri hegningar en sekta. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Í máli þessu er það með eiginni játningu ákærða og öðrum skýrslum, er fengnar hafa verið, löglega sannað að hann hafi gert sig sekan í afbrotum þeim, er hann er sakaður fyrir, á þann hátt og með þeim